

4+

15 mín.

2-6

four
esses



BODY

MiMiQ®

Leiðbeiningar

MARKMIÐ LEIKSINS

Að safna sem flestum slögum með þremur eins spilum í lok leiksins.

UNDIRBÚNINGUR

- Einn leikmannanna stokkar spilin.
- Hver leikmaður dregur þrjú spil á hönd.
- Restin af stokknum er settur á borðið með framhliðina niður.
- Leikmenn mega alltaf skoða spilin sem þeir hafa á hendi.
- Yngsti leikmaðurinn byrjar og haldið er áfram réttisælis.

INNIHALD

- 33 spil
- Leikreglur

Ef leikmaður dregur þrjú eins spil í upphafi leiks, setur hann spilin aftur í bunkann, stokkar hann og dregur svo önnur þrjú spil.

GANGUR LEIKSINS

Þegar leikmaður A á leik spyr hann einn af andstæðingum sínum (leikmann B) um spil sem samsvarar einu af spilunum sem hann hefur á hönd til að safna í slag. Leikmaður A spyr svona: „Átt þú...“ og fer svo í stellinguna sem er sýnd á spilinu sem hann vill fá.

Ef leikmaður B á eitt eða fleiri af spilinu sem beðið er um:

- Verður hann að gefa leikmanni A spilið/spilin.
- Ef leikmaður A á núna þrjú eins spil leggur hann þau fyrir framan sig.
- Leikmaður A má halda áfram að spyrja aðra leikmenn um spil þar til hann getur ekki fengið fleiri.

Ef leikmaður B á ekki umbeðið spil:

- Hann rekur út tunguna til að láta vita að hann eigi ekki spilið.
- Leikmaður A dregur eitt spil úr bunkanum eða af hönd annars leikmanns ef bunkinn er búinn.
- Næsti leikmaður á leik.

Ef leikmaður á engin spil á hönd þegar hann á að gera, dregur hann eitt spil úr bunkanum eða af hönd annars leikmanns ef bunkinn er búinn.

Jóker spilið sýnir myndir af öllum stellingum í spilinu. Með því spili getur þú beðið einn mótherja þinna um hvaða spil sem er. Þegar búíð er að nota jókerinn er hann lagður til hliðar.

LEIKSLOK

Sá leikmaður sigrar sem er með flest spil þegar búíð er að safna öllum spilunum í þriggja spila lagi.

Freddy Møller Andersen & Kristian Dreino. © 2018 Four Esses. Allur réttur áskilinn.